

**Nd.**

**313. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hlutinn hefir ekki getað fallist á, að rjelt sje, að öllum ástæðum athuguðum, að samþykkja frv., nje heldur með bitt. meiri hlutans, þó að hann telji það þá sýnu aðgengilegra.

Ástæðan fyrir frv. er talin yfirvofandi ljósmæðraskottur vegna of lágra launa ljósmæðra.

Þó svo væri, að skottur sje venju fremur á ljósmæðrum og nemendum i ljósmæðraskólann, þá er engin fullnaðarsönnun fyrir því færð, að lág launakjör ein sjeu orsök þess. Ýmsar aðrar orsakir geta verið þar meðverkandi, þar á meðal málfærsla sú og kapp, sem haldið hefir verið uppi um þetta mál.

Síðasta þing bætti nokkuð kjör ljósmæðra, með því að áskilja þeim dýrtíðaruppbót af ríkissjóðshluta launa þeirra. Slikt hið sama geta sýslunefndir og bæjarstjórnir gefit að sínum hluta, ef þeim sýnist, enda munu hafa gefit sumar nú þegar. Var sú og tilætlun þingsins. Á meðan því hefir ekki fengist framgengt til fulls, verður að ætla, að rökin sjeu ekki svo skýlaus og þörfin ekki svo brýn, sem af er látið. Þar er sá vettvangur, sem ljósmæðrum ber að sækja mál sitt á áður en þær krefjast frekari launabóta úr ríkissjóði.

Laun embættismanna og opinberra starfsmanna eiga að endurskoðast á næsta þingi. Virðist því eigi brýn þörf á nje rjett að taka þennan flokk launamanna út úr einan sjer, þar sem svo stult er til þess, að launamálið alt verður tekið til sjerstakrar athugunar.

Það er nú kunnugra en frá þurfi að segja, að launamenn vorir flestir þykjast mjög vanlaunaðir og hafa bæði fyr og nú borið fram kröfur um launabætur. — Af fjárhagsástæðum hefir þótt þurfa að synja þessum kröfum alt til þessa. Og óvíst má telja enn, hversu auðvelt verður að taka slíkar kröfur til greina framvegis. Með þeim starfsmannafjölda sem er, og að óbreyttum tekjulindum ríkissjóðs, verður ekki sjóð, að hægt verði að launa starfsmenn ríkisins svo vel sem þeim sjálfum þykir hæfa. Þvi órjettmætara er það, að taka þennan einstaka flokk út úr nú, sem draga verður í efa, að launin sjen lægri en ýmsra annara launamanna, þegar rjett eru metnar ástæður allar.

Minni hlutinn getur því ekki aðhýlst frv., en leggur til, að það sje felt.

Alþingi, 4. apríl 1927.

Kl. Jónsson,  
form.

Halldór Stefánsson,  
frsm.